

Skýrsla bæjarstjóra 10. janúar 2019

- Ég vil byrja á að óska bæjarfulltrúum, starfsmönnum og íbúum öllum gleðilegs árs. Jafnframt vona ég að næsta ár verði farsælt og hamingjuríkt. Ég hlakka mikið til að takast á við áskoranir þessa árs.
- Síðasti fundur bæjarstjórnar var haldinn stuttu fyrir jól og áttum við gott jólafrí, skýrsla bæjarstjóra er því nokkuð stutt að þessu sinni.
- Síðasta vika fyrir jól var þéttsetin nefndarfundum þar sem ég hef átt sæti. Vikan fór einnig í að fara yfir samningamál hjá Björgunarfélagi Hornafjarðar og Káramanna í Öræfum, Ríki Vatnajökuls ásamt undirritun samninga við Ungmennafélagið Sindra og við Golfklúbb Hornafjarðar.
- Ég sótti fund í Freysnesi í Öræfum með lögreglunni á Suðurlandi þar sem stóð til að ræða við íbúa vegna vinnu við gerð viðbragðs- og rýmingaráætlana vegna mögulegs eldgoss í Öræfajökli. Fundirnir urðu nú færri en til stóð þar sem verðurspá var slæm. Það var því einungis rætt við íbúa í landbúnaði um rýmingu búfenaðs. Stefnt er að því að halda rýmingaráæfingu í Öræfum næsta haust þar sem æft verður samkvæmt nýrri áætlun.
- Það var fundur í undirbúningsnefnd um byggingu nýs hjúkrunarheimilis sem ég sat í fjarfundi. Vinnan við samkeppnislýsingu gengur vel þó enn séu nokkrir hnútar sem enn þarf að leysa. Eftir lok þess fundar var boðið til fundar í Heilbrigðisráðuneytinu 4. janúar til að leysa ágreiningsmál innan nefndarinnar. Ég sat þann fund þar sem og Ásgerður og Sæmundur sátu fundinn í gegnum síma á Hornafirði þar sem ófært var flugleiðis þann daginn. Niðurstaða fundarins í ráðuneytinu var á þann veg að sjúkrarými stofnunarinnar verða staðsett í gömlu byggingunni. Fulltrúar sveitarfélagsins í nefndinni hafa ítrekað óskað eftir því að staðsetning þeirra verði ekki fyrir fram skilgreind í samkeppnislýsingunni þannig að hönnuðir hafi fullt frelsi til að móta sínar hugmyndir með það að markmiði að rekstur og nýting starfsfólk verði á sem hagstæðasta hátt.
- Í gær var síðan haldinn annar fundur í undirbúningsnefndinni. Samkeppnislýsingin verður brátt tilbúin og stefnt er að því að auglýsa hönnunarsamkeppnina í byrjun febrúar.
- Nokkur tími minn hefur farið í vinnu á heilbrigðisstofnuninni og var ég meðal annars stödd þar þegar tilkynning um slys á brúnni yfir Núpsvötn barst. Það sama gerðist fyrir nákvæmlega einu ári síðan og á sama tíma dagsins þegar rútuslysið varð vestan við Kirkjubæjarklaustur. Við slíkar aðgerðir sést vel hversu góður hópur viðbragðsaðila vinnur hér á svæðinu og hversu gott samstarf við viðbragðsaðila á Kirkjubæjarklaustri. Það er gríðarlega erfitt að koma að slysavettvangi sem þessum og er mikilvægt að hlúa vel að viðbragsaðilum í kjölfarið með áfallahjálp og stuðning ef á þarf að halda. Ég vil þakka viðbragsaðilum fyrir þessi mikilvægu strörf.
- Þessi slys minna enn á að nauðsynlegt er að vinna úrbætur á vegagerfinu og ekki síst að fækka einbreiðum brúum á landinu. Það kom mér sjálfri á óvart í umræðu fréttamiðla í kjölfar slyssins hversu tíð slysin eru á þessari brú sérstaklega. Einnig er í raun ótrúlegt að ekki verði fleiri alvarlega slys á brúnni yfir Hornfjarðarfljót. Ég vona innilega að samgönguáætlun sem fer í umfjöllun á alþingi nú á næstu vikum muni færa framkvæmdir við vegstæðið yfir Hornfjarðarfljót framár í forgang.
- Á fundinum í dag láu fyrir afsagnir kjörinna fulltrúa þeirra Björns Inga og Guðbjargar Láru. Björn Ingi hefur verið bæjarfulltrúi frá því í júní 2006 sem aðalmaður. Hans ferill hefur verið langur og farsæll. Ég hef mest unnið með Birni Inga síðasta kjörtímabil þegar hann starfaði sem bæjastjóri og ég sem framkvæmdastjóri, við áttum gott samstarf. Ég vil þakka Birni Inga fyrir gott samstarf

á undanförunum árum. Guðbjörg Lára kom ný inn í bæjarstjórn nú í sumar. Samstarf við hana hefur verið gott þann stutta tíma sem við höfum starfað saman og vil ég nota tækifærið og þakka henni fyrir gott samstarf. Báðum óska ég velfarnaðar í þeim störfum sem þau munu taka sér fyrir hendur.

- Ég átti annars mjög gott jólafrí enda margir frídagar þetta árið og kem ég úthvöld og ánægð til starfa. Nú hefur nýr framkvæmdastjóri tekið til starfa á heilbrigðisstofnuninni og því auðveldara að halda einbeitingu eingöngu við starf bæjarstjóra.

Matthildur Ásmundardóttir
Bæjarstjóri